



Niðurhlað og afþjöppun á hljóðbókum

Þú byrjar á því að finna hljóðbókina sem þú vilt hlaða niður. Þegar þú hefur fundið rétta bók smellir þú á:




Við það opnast þessi gluggi þar sem þú skalt smella á **Save – hnappinn**:



Nú skaltu velja stað þar sem þú vilt vista hljóðbókina og smella síðan aftur á **Save-hnappinn**. Við það fer niðurhlaðið af stað. Athugaðu að þó að skrárnar séu þjappaðar þá eru þetta bunkar af mörgum skráum og niðurhlaðið getur því tekið nokkrar mínútur.


Niðurhlaðinu er lokið þegar græna línan er komin alla leið út á enda.



Þá skalt þú smella á **Open-hnappinn**


Við það opnast ZIP-skráin sem mP3-skrár bókarinnar eru þjappaðar inn í. Við fyrstu sýn er ZIP-skráin ekki mjög ólík venjulegri möppu í Windows.

Táknmyndin fyrir möppuna er með rennilás í stað þess að vera venjuleg gul mappa.



Til þess að afþjappa skránum þarftu að smella á **Extract all files**.

Við það kemur eftirfarandi valmynd þar sem þú skalt smella á **Extract** -hnappinn



Nú getur þú farið inn á þann stað þar sem hljóðbókin þín var vistuð og fundið möppuna sem er ekki lengur ZIP-mappa heldur venjuleg Windows –mappa. Til að opna möppuna er tvísmellt á hana.